

# „Einmitt það“

## I.

I Light, 7. des. s.l. s. 730, er kafli frá mikilli lærðómskonu, Mrs. C. Rhys Davids, D. Litt., M. A., sem hún segir að hafi verið lagt mjög fast að sjer að rita. En þeir sem gert hafa, eru í öðru lífi. Þykir mjer mjög líklegt að þeim hafi aðeins mjög ófullkomlega tekist að fá ritauð það sem þeim er svo mikill hugur á að menn fái að vita hjer á jörðu. En þó eru í kaflanum þessi stórfróðlegu orð: „Vjer höfum vilja á að hjálpa, en erum mjög hindraðir í að veita hjálp af blindni jarðarbúa gagnvart tilveru vor, sem heima eignum á öðrum jarðstjörnum: We will to help but we are very hindered in helping by the blindness of earth to the reality of us of other worlds.“

Það sem bannar að nauðsynleg hjálp verði veitt, er vanþekkingin á þessu undirstöðuatriði heimsliffræðinnar að menn endurskapast eða endurlíkamast eftir dauðann, sem íbúar einhverrar annarar jarðstjörnu.

## II.

Hjer er það sem íslenska þjóðin gæti greitt fyrir málum á þann hátt sem öllu mannkyni mundi til blessunar verða. Ísland gæti orðið fyrsta landið á þessari jörð, sem hætti að vera „land hinna blinda“. (Sbr. söguna frægu eftir H. G. Wells). Ísland gæti orðið það ljóss- ins land, Reykjavík sú ljóssins borg, sem Adam Rutherford, ágæt- astur allra Íslandsvina, hefir spáð að verða munin. Ekki, þyrfti nú annars með en að nokkur þúsund Íslendingar ljætu sjer skiljað, að það sem jeg hefi verið að ritu um þessi efni er blátt áfram sann- leikur, vísindalegur, sannleikur, byrjun sem taka verður undir, ef vel á að fara. Því að þá mundi, ef svo væri gert, skapast það and- lega afslvæði sem nauðsynlegt er til að samband geti tekist við þroskaðri íbúa annara jarðstjarna. Og þá mundum vjer hjer á jörðu skjótt vitkast svo; að endir gæti orðið á því hryllilega ástandi sem nú ræður.

### III.

Það er rót allra meina hjer á jörðu — og raunar í alheimi — hversu sannleikurinn hefir átt erfitt uppdráttar. Sannleikurinn, á-

stundun sannleikans, er leiðin til fullkomnunar, leiðin til guðs. Á stundun sannleikans og ástundun kærleikans, því að hvorugt getur án annars verið, einsog vjer skiljum glögt, ef vjer reynum til að rekja sögu mannúðarinnar hjer á jörðu. Og það er býsna fróðlegt í þessu sambandi, að veita því eftirtekt hversu hinar vol dugustu menningarþjóðir gera það sem þeim er framast unt til að drepa, meiða og eyðileggja, samtímis því sem fram er kominn, en að engu hafður, sá sannleikur, sem er hið ómissandi upphaf þess að mannkynið geti horfið frá Helstefnu til Lífstefnu. Lítilsvirðingin á velferð náungans nær hámarki samfara lítilsvirðingunni á þeim sannindum, sem meiri þýðingu munu fá til umbóta á högum mannkynsins en nokkur, sem áður hafa fundin verið.

### IV.

Með byggingu Íslands var því tungumáli jarðarinnar forðað frá að líða undir lok, sem hefir í sjer fólgnar greiðari götur til rjéttar hugsunar en nokkurt annað. Í þessu kemur fram nægileg bending um það, hvert er hið sjerstaka hlutverk íslensku þjóðarinnar. „Sú þjóð sem veit sitt hlutverk, á helgast afl um heim“, segir í kvæðinu, og er það vel sagt. En hvernig fer þá fyrir þeirri þjóð, sem ekki veit sitt hlutverk? Um það veitir saga íslensku þjóðarinnar, frá upphafi alt til vorra daga, ýmsan mjög ihugunarverðum fróðleik. En á þessu gæti nú breyting orðið, og Ísland orðið í sannleika Farsælda Frón, ljóssins land, og eigi einungis fyrir íslensku þjóðina eina, heldur og fyrir alt mannkyn. 20. des.

Helgi Pjeturss.